HAFNARFJÖRÐUR

**1908282**

# Erindisbréf

rýnihópur Jólaþorpsins

Hafnarfjarðarbær hefur opnað Jólaþorp á Thorsplani á hverju ári í desember frá 2003. Jólaþorpið hefur fest sig í sessi og hefur Hafnarfjarðarbæar einkaleyfi á nafninu Jólaþorp.

Að tillögu menningar- og ferðamálanefndar er ákveðið að stofna rýnihóp Jólaþorpsins.

**Hlutverk og verkefni hópsins.**

Meginverkefni rýnihópsins er að styðja og vera ráðgefandi við verkefnið Jólaþorpið til tveggja ára, þ. e. 2019 og 2020

**Skipulag:**

Starfshópurinn skal hefja störf eftir að erindisbréfið hefur verið afgreitt í bæjarráði. Hópurinn skal skila samntekt til menningar- og ferðamálanefndar um rekstur Jólaþorpsins 2019 í janúar 2020 og vegna rekstur Jólaþorpsins 2020 í janúar 2021.

Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf hópsins.
Gert er ráð fyrir 4 fundum starfshópsins árið 2019, 6 fundum 2020 og 2 fundum 2021, alls 12 fundum. Kostnaður er um kr. 1.800.000. Starfshópnum er óheimilt að stofna til kostnaðar án samþykkis bæjarráðs og fjárheimildir skulu vera fyrir útgjöldum.

Starfshópurinn starfar í umboði bæjarráðs.

**Skipaðir vera 5 aðilar í rýnihópinn.**
1 frá meirihluta
1 frá minnihluta
3 tilnefndir af menningar- og ferðamálanefnd

**Með hópnum starfa:**

Andri Ómarsson, verkefnastjóri á þjónustu- og þróunarsviði
Ása S. Þórisdóttir, framkvæmdastjóri MsH

Samþykkt í bæjarráði,

*Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem hefur það að markmiði að virða mannréttindi. Kynja- og jafnréttissjónarmið skal samþætt allri starfsemi bæjarins og jafnrétti meðvitað haft í huga við alla stefnumótun og ákvarðanatöku*

DRÖG